

Boðvík ehf
Háarifi 35 Rifi
360 Hellissandur
levil@simnet.is

Reykjavík 26. apríl 2018
UST201801-138/G.G.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdarleyfi - ferðaþjónusta - Snæfellsjökull

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Boðvíkur ehf, kt. 700498-2479, dags. 14. janúar 2017, vegna umsóknar um leyfi fyrir atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Um er að ræða endurnýjun á samskonar leyfi sem veitt var til tveggja ára í maí 2016 en síðan þá hafa breytingar orðið á eignarhaldi og heiti fyrirtækisins. Sótt er um leyfi til að vera með jöklaferðir á Snæfellsjökul á snjótroðara og vélsleðum.

Lýsing framkvæmdar:

Boðvík ehf. sækir um leyfi til að vera með ferðir á snjótroðara og snjósleðum upp á topp Snæfellsjökuls. Um er að ræða endurnýjun á leyfi sem veitt var fyrirtækinu Snæfellsjökull Glacier Tours ehf. árið 2016 en nýir rekstraraðilar eru teknir við starfseminni. Ekið er með ferðamenn á rútu eða jeppa frá bænum Litla-Kambi að snjólínu þar sem snjótroðari og vélsleðar eru geymdir og er keyrt þaðan upp á topp Jökulsins. Fjöldi ferðamanna í hverri snjótroðaraferð er á bilinu 2-80. Að meðaltali má gera ráð fyrir 36 manns í hverri ferð en það er fjöldinn sem rúmast í einn troðara. Fjöldi ferða yfir sumartíma er 4-6 á dag en eftir samkomulagi og veðurfari á veturna. Fyrirtækið á og notar 3 snjótroðara en það fer sem fyrr segir eftir fjölda ferðamanna hverju sinni hversu margir eru í notkun. Farið er með snjótroðarana upp að snjólínu í desember þar sem þeir eru síðan staðsettir og fylgja þeir snjólínunni fram í ágúst eða september þegar farið er með þá aftur niður á láglandi. Fyrirtækið á 7 vélsleða sem einnig eru geymdir við snjólínuna frá desember og fram í júní eða júlí.

Áhrifamat:

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir hvers konar atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum. Ferðaþjónusta innan þjóðgarðsins skal skipulögð á grundvelli sjálfbærrar ferðamennsku, sbr. 17. gr. reglugerðar um þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Öllum er skylt að ganga vel og snyrtilega um þjóðgarðinn.

Heimilt er að aka vélknúnum ökutækjum á jöklum og snævi þakinni jörð utan vega utan þéttbýlis svo fremi sem jörð sé frosin eða snjóþekjan traust og augljóst að ekki sé hætt á náttúruspjöllum, sbr. 2. ml. 1. mgr. 31. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Sérreglur um takmörkun á akstri utan vega í auglýsingu um friðlýsingu svæðis eða í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæði fara framur undanþágum frá banni við akstri utan vega samkvæmt 1. og 2. mgr. 31. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umferð á vélknúnum ökutækjum í þjóðgarðinum er ferðamönnum aðeins heimil á vegum og bílastæðum. Akstur vélknúinna ökutækja á jökli er háð leyfi þjóðgarðsvarðar, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 568/2001. Í verndaráætlun er bent á að ávallt skuli hafa í huga verndun náttúru Snæfellsjökuls og smæð hans. Ekki er leyfilegt að byggja upp varanlega aðstöðu við jökulinn, þ.e. sú aðstaða sem er leyfð verður að vera flytjanleg og afturhverf.

Í þjóðgörðum eru allar athafnir og framkvæmdir sem hafa varanleg áhrif á náttúru svæðisins bannaðar nema þær séu nauðsynlegar til að markmið friðlýsingarinnar náist sbr. 3. mgr. 47. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Mikilvægt er að sú starfsemi sem leyfð er í þjóðgarðinum skerði hvorki verndargildi hans né ímynd.

Umhverfisstofnun telur að ferðir á snjótroðara og vélsleðum upp á topp Snæfellsjökuls skerði ekki verndargildi þjóðgarðsins Snæfellsjökuls enda verði farið eftir þeim reglum sem gilda um akstur á vélknúnum ökutækjum á jöklum og snævi þakinni jörð og þeim skilyrðum sem Umhverfisstofnun setur.

Í eldra leyfi voru sett sem skilyrði fyrir endurnýjuðu leyfi að vinna öryggisáætlun og viðbragðsáætlun vegna slysa á fólki og mengunarslysa. Það skilyrði hefur nú verið uppfyllt og hefur Umhverfisstofnun móttengið *Viðbragðs- og öryggisáætlun vegna slysa á fólki og Viðbragðs- og öryggisáætlun vegna mengunarslysa.*

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir, Boðvík ehf., kt. 650314-1230, fyrir sitt leyti leyfi til jöklaferða á snjótroðara og vélsleðum í atvinnuskyni á og við Snæfellsjökul innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls eins og fram kemur í umsókn fyrirtækisins. Þar sem unnið er að nýrri ferðamálastefnu þjóðgarðsins, niðurstöður þolmarkagreininga liggja ekki fyrir og byggingu innviða er ekki lokið verður leyfið gefið út til tveggja ára að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Umgengnisreglum þjóðgarðsins Snæfellsjökuls samkvæmt reglugerð nr. 568/2001 verði fylgt og þær kynntar fyrir viðskiptavinum.
- Reglum um akstur á jöklum og snævi þakinni jörð verði fylgt í hvívetna.
- Ekki má spilla þar gróðri, trufla dýralíf né hrófla við jarðmyndunum.
- Úrgangi skal komið fyrir í sérstökum sörpílátum, enda er óheimilt að fleygja úrgangi eða grafa hann, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 568/2001.
- Í lok árs skal skila skýrslu til Umhverfisstofnunnar með yfirliti um störf fyrirtækisins á hinu friðlýsta svæði s.s fjölda ferðamanna, fjölda ferða og annað er varðar áhrif starfseminar á hið friðlýsta svæði.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik frá áður útgefinni verkefnalýsingu.
- Ganga skal vel og snyrtilega um þjóðgarðinn og fylgja ber öllum þeim lögum og reglum sem um þjóðgarðinn gilda.

Leyfisgjald

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum, 1. mgr. 92. gr. laga nr.60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir vinnslu umsóknar um leyfi til starfsemi og framkvæmda á friðlýstum svæðum er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Eftirlit

Starfsmenn þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sinna reglubundnu eftirliti á svæðinu.

Virðingarfyllst,



Jón Björnsson
þjóðgarðsvörður



Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri